

# STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 2005

Nr. 823

1744

7. september 2005

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Reykjavíkurveg, Reykjavíkurvegur nr. 74, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 30. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Reykjavíkurveg, Reykjavíkurveg 74 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að afmörkun byggingarreits fyrir viðbyggingu á lóðinni er breytt, að öðru leyti gilda áfram sömu skilmálar. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 7. september 2005.*

**Gunnhildur Gunnarsdóttir** arkitekt.

Nr. 824

5. september 2005

## REGLUGERÐ

### um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skip.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum á umhverfi og heilsu manna af völdum skaðlegra gróðurhindrandi efna og búnaðar sem notuð eru á skip og til að innleiða reglugerð (EB) nr. 782/2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um íslensk skip og önnur skip sem koma til hafnar á Íslandi að undanskildum herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta, sbr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 782/2003 í fylgiskjali. Reglugerðin gildir einnig um fasta eða fljótandi palla, fljótandi geymslueiningar og fljótandi framleiðslueiningar með geymslu- og uppskipunar-búnaði sem staðsettir eru innan mengunarlögsögu Íslands.

3. gr.

Notkun lífrænna tinsambanda sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum eða búnaði er bönnuð, eins og nánar er kveðið á um í fylgiskjali við reglugerð þessa.